


# FRÉTTABRÉF

ÍSLENSKA BÚTASAUMSFÉLAGSINS

*Útgefandi Íslenska bútasaumsfélagið, Stararíma 10, 112 Reykjavík  
1. tbl. 18. árgangur 2018*





# FRÁ RITNEFND

Þegar haustar, eru saumavélarnar teknar fram og efnin strokin – svona rétt til að fá tilfinningu fyrir þeim og komandi saumavetri. Svo eiga jólin það til að læðast að manni rétt í þann mund að maður áttar sig á því að komið er haust og þá þarf að gera ráðstafanir til að sauma jóladót.

Árið hefur verið viðburðarríkt hvað sýningar snertir. Aðalfundur og saumahelgi á Blönduósi, stórsýning í Kanada þar sem íslenskir bútasauamarar léku aðalhlutverk, árleg Evrópusýning í Birmingham og aukasýning á Kjalarnesi. Auðvitað komast ekki allir á sýningar og í blaðinu er úrval mynda af þeim öllum, svo aðrir geti fengið nasasjón af þeim.

Það er gaman að fara á sýningar erlendis og enn meira gaman í góðum félagsskap. Rætt hefur verið um að félagið efni til ferðalags á árinu 2019 og munum við væntanlega heyra meira um það á félagsfundum.

Okkur sem erum í ritstjórn langar til að biðja félagsmenn um að senda efni eða tillögur að efni í blaðið. Það eru víða bútasauamarar að gera skemmtilega hluti og klúbbar út um allt land, sem gaman væri að heyra meira frá. Það geta verið frásagnir af verkum, snið sem ekki hafa birst annars staðar eða skemmtilegar frásagnir af einhverju sem tengist bútasami.

Hægt er að hafa samband við [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com) eða hitta okkur á félagsfundum.

*Ritnefnd*

# EFNISYFIRLIT

Stjórn	3
Hjarta Parísar	4
Er svona glataður snillingur	5
Bútasamsýningin í Ailsa Craig	6-10
Kennari, Guðrún J. Kolbeins	11
Kennari, Ásdís Finnsdóttir	12
Kennari, Margrét Óskarsdóttir	13
Kennari, Dagbjört Guðmundsdóttir	14
Kennari, Sveina Björk Jóhannesdóttir	15
Kennari, Erla Sigurðardóttir	16
Kennari, Marianne tóvinnukona	17
Barn quilts	18
Bókakynning	21
Starfið - myndir	22-23
Bútasamshátíð í Birmingham	24-28
Sjálfboðavinna	29
Að búa til sín eigin laufblöð	30-31
Er þetta bara svona?	32-35
Rónastigi	36-38
Aðalfundur og saumahelgi á Blönduósi	39-41
Brjóstapúðar, drenpoki, endurvinnsla	42
Allar saumavélarnar mínar fyrr og nú	43-45
Kennsla Afganganotkun	46-47
EQA auglýsing	48
Dagskrá vetrarins 2018-2019	49
EQA – Boundaries	50-51

## Íslenska bútasaumsfélagið stofnað 28. nóvember 2000

Útgefandi: Íslenska bútasaumsfélagið  
Ábyrgðarmaður: Margrét Óskarsdóttir  
Ritnefnd: Vigdís Stefánsdóttir, ritstjóri  
Margrét Óskarsdóttir  
Heimilisfang: Stararimi 10, 112 Reykjavík  
Heimasíða: [www.butasaumur.is](http://www.butasaumur.is)  
Facebook: Íslenska bútasaumsfélagið  
Netfang: [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com)  
Umbrot: Davíð Gunnarsson  
Prentun: Leturprent

Umsókn um aðild sendist á [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com)

Upplýsingar um breytt netfang eða heimilisfang sendist á [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com)

Efni og greinar sem óskað er eftir að birtist í blaðinu sendist á [viggastefans@gmail.com](mailto:viggastefans@gmail.com) eða [margretoskars@simnet.is](mailto:margretoskars@simnet.is). Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta eða lagfæra texta sem birtast eiga í blaðinu.

Upplag: 400 eintök.



# FRÁ FORMANNI

Það er með ólíkindum hvað tíminn líður hratt. Á aðalfundi félagsins á Blönduósi sl. vor var ég kosinn formaður félagsins og þakka ég traustið. Sumarið leið hratt og nú er að hefjast nýtt starfsár. Stjórnin hefur fundað og lagt línurnar fyrir vetrarstarfið og vonumst við að félagar finni þar eitt-hvað við sitt hæfi.

Fundir vetrarins verða haldnir í fallegum sal Garðyrkjufélags Íslands, Síðumúla 1. Það fer vel á því að halda fundina í þessum sal þar sem bútasauður og garðyrkja kallast oft á. Mörg bútasauðsverk hafa tilvísun í gróður og náttúru.

Margir bútasauðsklúbbar starfa víðsvegar um landið og viljum við endilega koma á meira samstarfi

við þá. Við ætlum m.a. að reyna að halda aðalfundinn annað hvert ár úti á landi og þá í samvinnu við félögin á viðkomandi stað. Eins eru klúbbarnir oft með sýningar á verkum sínum og viljum við fá að kynna það á heima- og fésbókasiðu félagsins.

Verið er að vinna við að uppfæra heimasíðuna og stefnum við á að gera hana virkari.

Í tengslum við jólafundinn verður efnt til samkeppni og hefur stjórn ákveðið að fá utanaðkomandi dómara til velja hvaða verk fá verðlaun. Veitt verða vegleg verðlaun og hvet ég sem flesta féлага að taka þátt. Verkin verða sýnd á jólafundinum og verðlaunahafar kynntir. Tekið á mótí verkum til 20. nóvember.

Að setjast niður og velja efni í verk getur virkað eins og heilun. Að velja liti, áferð efnisins og hvað á að sauma úr því er róandi og notalegt. Hvað er skemmtilegra á vetrarkvöldum en að sauma fallegt stykki og gefa einhverjum sem stendur manni nær?

Senn líður að 20 ára afmæli félagsins og þarf að fara að huga að því. Stjórnin mun leita til féлага til að taka þátt í undirbúningi fyrir afmælið.

Það er ósk mín að félagar verði duglegir að mæta á fundi og láta okkur vita af óskum sínum. Til þess að geta þjónað félaginu verður stjórn að vita hug féлага.

Margrét Óskarsdóttir

## STJÓRN OG NEFNDIR ÍSLENSKA BÚTASAUMSFÉLAGSINS STARFSÁRIÐ 2018 – 2019:

### Stjórn

Margrét Óskarsdóttir, formaður

Kristín Jónsdóttir, ritari

Jóhanna Finnbogadóttir, gjaldkeri

Dagbjört Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Kristín Lára Magnúsdóttir, meðstjórnandi

Ásdís Finnsdóttir, varamaður

Sigrún I. Sveinbjörnsdóttir, varamaður

### Hetjuteppanefnd

Dagbjört Guðmundsdóttir

Margrét Ósk Árnadóttir

Pálína Magnúsdóttir

### Kaffinefnd

Klúbbfélagar í Samvinnusaumaskap sjá um kaffið

### Heimasíða og vefsíða

Ásdís Finnsdóttir

Sigrún I. Sveinbjörnsdóttir

### Ritnefnd

Vigdís Stefánsdóttir, ritstjóri

Margrét Óskarsdóttir

### Sýningarnefnd

Fanney Davíðsdóttir

### Skoðunarmenn reikninga

Svala Stefánsdóttir

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir



# HJARTA PARÍSAR

Þetta fallega teppi gerði Brynja Guðjónsdóttir. Hún segist hafa byrjað að sauma bútasaum fyrir sex árum þegar hún fór á eftirlaun og er í góðum félagsskap á Vitatorgi þar sem hópur hittist vikulega yfir vetrarmánuðina.

Teppið heitir Hjarta Parísar. Öll efnin vísa í París á einn eða annan veg og segir Brynja þetta snið hafa höfðað sérlega til sín þar sem hún hefur aldrei komið til Parísar en vill gjarnan gera það. Í bakinu er ræma af mynstruðu efnunum eins og sjá má á myndinni.

Brynja keypti pakkningu með efnunum og uppskriftinni frá Keepsake Quilting í desember 2017 og saumaði teppið í byrjun þessa árs. Hún stakk það sjálf.

*Vigdís Stefánsdóttir*





# ER SVONA GLATAÐUR SNILLINGUR...

**K**olbrún Símonardóttir hefur ekki setið löngum stundum á skólabekk en kann þó margt og mikið. Hún segist hafa verið í skóla aðra hverja viku í þrjá vetur eins og tíðkaðist í sveitinni þegar hún var að alast upp.

Sjálf segist hún vera “glataður snillingur sem telji sig kunna allt mögulegt” og gjarnan leggja af stað í verkefni í hjartsýnskasti. “Vitleysan” gangi þó oftast nær upp hvernig sem á því stendur.

Kolbrún hefur lært margt á langri ævi og segir sköpunarþörfina og handverkið hafa fylgt sér frá því hún man eftir sér. Hún er örvhent og því var stundum erfitt að læra á verkfæri sem ætluð voru réttentum en hún telur það geta hafa ýtt undir sjálfstæði sitt og áráði við að reyna sjálf. Kolbrún segist hafa gott innsæi sem nýtist henni í ríkum mæli við gerð ýmissa listaverka og í daglegu lífi. Hún hefur aðeins einu sinni farið á bútasaumsnámskeið og hafði það talsverð áhrif á hana eða eins og hún segir sjálf: “Ég datt í það og hef oft gantast með að það hafi ekki runnið af mér síðan”.

Kolbrún saumar mikið og stundar reyndar ýmiskonar annað handverk með. Þessa dagana er hún mest að lita band samhliða saumskapnum. Hún litar það úr íslenskum jurtum og notar vistvænar aðferðir við litunina.

Hvað snertir verkið “After the storm”, segist hún hafa verið að skoða á netinu og séð mynd af teppi sem hún heillaðist af. Hún átti hins vegar enga uppskrift en fann eitt og annað sem gat nýst í teppið. Kompásstjörnuna átti hún sem mynstur en ölduna sjálfa teiknaði hún frihendis.



Þegar hún hóf vinnuna við teppið segist hún hafa verið svo heppin að vera boðin í fermingu skömmu seinna og það hafi verið sér hvatning til að ljúka við teppið – sem fermingarbarnið fékk svo.

Teppið var stungið af Sæunni Thorarensen.

*Vigdís Stefánsdóttir*



# BÚTASAUMSÝNINGIN



*Félagshimilið.*

## UNDIRBÚNINGUR

Árið 2017 barst Íslenska bútasaumsfélaginu póstur frá Ailsa Craig í Kanada. Þínulitill fallegur og friðsæll bær í Ontariofylki. Þar eru íbúar um það bil 1000 og af þeim eru um 100 í bútasaumsfélagi. Félagið hafði fengið samskonar póst áður en þá var það talin einhver della og því vísað frá, nú vissum við betur. Árlega bjóða þau einu landi að senda eitt hundrað og tuttugu bútasaumsverk og sjö kennara til sex daga sýningar, allt löndunum að

kostnaðarlausu. Á undan Íslandi höfðu Írland, Holland, Danmörk, Lettland, Ísrael, Bretland og Kanada verið með sýningar. Árið 2019 verður það Nýja-Sjáland. Þátttakendur fá fæði og gistingu á heimilum félaga í bútasaumsfélaginu því engin gistihús eru í bænum.

Ég vissi ekki hvað verkefnið var stórt, en þegar fólk er hætt að vinna utan heimilis er nægur tími. Stjórnin var kölluð saman og voru allir sammála um að taka þátt í þessu verkefni.





# Í AILSA CRAIG



Margrét, Marianna og Guðrún.

Þá hófst vinnan fyrir alvöru. Þetta var líkast poppkorni lítið í upphafi en þandist mikið út á skömmum tíma. Ég skipaði í undirbúningsnefnd með mér Margrétu Óskarsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur.

Auglýst var eftir kennurum innan Íslenska bútasaumsfélagsins sem vildu kenna eitthvað um bútasaum á ensku. Svo kom beiðni um fyrirlestur og fræðslu um ullina og vefnað og vinnslu úr henni. Sjá nánar í blaðinu um kennarana.

Auglýst var innan félagsins eftir verkum til að fara með og þau þurftu að vera komin til Kanada fyrir 1. mars. Verkefnið fór vel af stað og fljótlega var kominn slatti af verkum. En að lokum var það sígilda aðferðin, að hringja í fólk og spyrja um verk og var það undantekningarlaust



Myndataka við frumstaðar aðstæður.



Skrá allt sem fór í kassana fyrir flutning

auðsótt. Allar þær sem lánuður verk eiga þakkir skildar fyrir það traust sem okkur var sýnt með því.

Hverju verki skildi fylgja texti á ensku, um bæði verk og höfund, nákvæm stærð og góð mynd af verkinu. Misvel gekk að fá textann frá höfundum og tók ég mér stundum skáldaleyfi og fyllti í eyðurnar. Úr varð mappa með 110 blaðsíðum sem lagði grunninn að sýningunni. Bæði mynd og texta þurftu að senda í febrúar. Stofuborðið mitt var stækkað og lagt undir verkin í nokkrar vikur meðan unnið var að undirbúningi. Sumt þurftu að mæla, taka mynd og sauma slíður á nokkur verk. Svo að pakka öllu saman, skrá og útbúa pappíra. Burtu fóru verkin svo í fjórum kössum þann 27. febrúar. Frétti af komu þeirra þremur vikum seinna í Ailsa Craig.



Hér eru öll verkin komin í pakkingar á leið til vesturheims.





## SÝNINGIN

Það krefst mikillar skipulagningar og gríðarlegrar vinnu að halda svona sýningu. Ákveða þarf fjölda verka, finna fólk sem getur hýst þátttakendur, áætla fjölda gesta, gera ráð fyrir birgðum fyrir veitingahúsið, setja upp sýninguna og fleira og fleira. Allt gekk þetta upp eins og best varð á kosið.



*Sýningin var vel auglýst yfir öllum leiðum inn í bæinn.*

Sýningin var kynnt vel í blöðum sem gefin eru út á svæðinu. Blásið var til opunarhátíðar þar sem boðið var ýmsum fyrirmönnum. Verk Hrannar Scheving Augnablik var notað í auglýsingu fyrir sýninguna. Málverk var gert eftir verkinu og er það nú, ásamt málverkum frá fyrri sýningum, í almenningsgarði í Ailsa Craig.

Sumar auglýsingar sem voru sýndar í Kanada sögðu að „víkingarnir væru að koma“. Mér fannst það svolítið fjarstæðukennt svo ég ákvað að við skildum allar vera á íslenskum búningum á opunarhátíðinni. Á sýningunni var alltaf a.m.k. ein í búning. Þetta mæltist vel fyrir.



*Við vorum með ullarvarning að heiman til að selja.*



*Allir hjálpuðust að við að taka sýninguna niður.*

Hvernig getur 100 manna félag haldið svona stóra sýningu með öllum þeim kostnaðarþáttum sem eru. Eitt-hvað er um að fyrirtæki og einstaklingar í nágrenninu styrki sýninguna. Seldur var aðgangur 10 CAD, merki og annað smáræði, en mestu munar um veitingahúsið sem rekið er til hliðar við sýninguna. Þar gátu gestir keypt sér mat með íslensku ívafi s.s. plockfisk, kjötsúpu, rúgbrauð með reyktum lax og vínartertu.



*Við vorum í okkar finasta „þússi“ við opunina. Fr. Marianna Guckelsberger Sveina Björk Jóhannesdóttir, Ásdís Finnisdóttir, Vigdís Stefánsdóttir, Dagbjört Guðmundsdóttir, Guðrún J. Kolbeins, Margrét Óskarsdóttir, Ragnheiður Björnsdóttir og Erla Sigurðardóttir.*







*Hluti af sýningarsalnum.*



*Gert var málverk eftir mynd Hrannar Scheving*



*Allar verslanir í bænum höfðu bútasaum í gluggum meðan sýningin var.*

## MÓTTÖKUR

Þegar við lentum í Toronto var tekið á móti okkur með blómum. Jan Bender, sem var í forsvari fyrir sýningunni, var þar kominn með fótinn í spelku til þess. Okkur var ekið til Ailsa Craig með smárútu að félagsheimili bæjarins þar sem „húsbændur“ okkar voru komnir til að fylgja okkur



*Á opunarhátíðinni voru okkur færðar töskur að gjöf, fullar af ýmsu smálegu.*

til síns heima. Þar áttum við svo eftir að eiga einstaklega góða tíu daga. Eins og við myndum gera voru okkur sýndar helstu náttúruperlur s.s. Niagarafossarnir. Þangað var tæplega tveggja tíma akstur og var komið við á veitingahúsi þar sem við fengum hádegismat. Annar heill dagur fór í að heimsækja Stratford þar sem við skoðuðum búningageymslu leikhússins. Þar voru þúsundir búninga og annara leikmuna geymt. Í þeirri ferð var komið við í bútasaumsbúðum. Auðvitað var farið á sýrópsbóndabæ og fengum við m.a. útskýringu á ljósu og dökku sýrópi. Eitt kvöldið buðu ein gestgjafahjón til skógarveislu. Þar var setið í skógartrjóðri og kveikt bál í felgu af mjög stórrí dráttarvél. Að íslenskum sið tókum við lagið. Nokkuð sem Kanadamenn eru ekki duglegir við, en gladdi þá. Auk alls þessa var misjafnt hvað gestgjafar gerðu og hvað þeir höfðu möguleika til. Allir vildu að við hefðum það sem allra allra best og það tókst þeim.

## ÍSLENDINGAFÉLAGIÐ Í LONDON

Í London Ontario eru nokkrir íslendingar sem hafa með sér félag. Um leið og þeir fréttu af okkur í Ailsa Craig vildu þau fá okkur í heimsókn. Stóð ekki á því að gestgjafar okkar skruppu með okkur þangað þar sem við þáðum





veitingar og spjölluðum við landa okkar. Flestir hafa verið þar lengi en þó voru nokkrir sem höfðu komið þangað í hruninu.

## HEIMKOMA

Það voru þreyttar en afar sælar konur sem komu heim eftir nefnda Kanadaferð. Allt búið? Ekki alveg. Okkur langaði að setja sýninguna upp á Íslandi til að gefa öðrum kost á að sjá þessa mjög svo fjölbreyttu sýningu. Það var þrautinni þyngri að finna sal með svo stuttum fyrirvara og það gekk ekki fyrr en Fólkvangur á Kjalarnesi kom inn í umræðuna. Það var auðsótt mál og okkur fannst Fólkvangur minna svo mikið á félagsmiðstöðina í Ailsa Craig. Góð aðstaða til að vera með t.d. veitingar. Þar sem Fólkvangur er í ysta úthverfi Reykjavíkur, (21 km frá Elliðaám), grunaði mann að aðsókn yrði ekki allt of mikil, annars hefði verið hægt að grilla pylsur og hamburgara en af því varð ekki.



Á sýrópsbúgarðinum voru margar gerðir af hlynsýrópi. Margrét að velja og Dagbjört fylgist með.



Að sjálfsögðu var okkur sýndir Niagarafössarnir. Sveina Björg og gestgjafar hennar, þau Vi og Ortwin Rupp.

Sýningin hékk uppi í þrjá daga og komu um 300 manns að skoða hana. Almenn ánægja var með sýninguna enda nutu verkin sín vel í þessu hjarta húsi þar sem ekki þurfti nein rafmagnsljós. Flestir fengu sér kaffi og vöflur og nutu útsýnisins til Reykjavíkur.

## LOKAORÐ

Segja má að eins árs vinnu hafi lokið með sýningunni. Þetta var mikil vinna en afar lærdómsrík. Allar þær sem lánuðu verk á sýninguna eiga þakkir skildar og þær sem báru með mér hita og þunga af þessu þær Margrét Óskarsdóttir, Dagbjört Guðmundsdóttir, Vigdís Stefánsdóttir og Margrét Björnsdóttir. Svona ævintýri gerist bara einu sinn á ævinni.

Ragnheiður Björnsdóttir og  
Vigdís Stefánsdóttir



Hjá Íslendingunum í London var boðið upp á veitingar og spjall.





KENNARI

# GUÐRÚN J. KOLBEINS



*Guðrún í sölubásnum að kynna íslenskar ullarvörur.*

## MYNSTURPRJÓN Í LOPAPEYSU

Guðrún J. Kolbeins er veflistakona sem hefur kennt vefnað og unnið sem hönnuður frá 1985. Hún hefur haldið og tekið þátt í nokkrum sýningum bæði hér á landi og erlendis. Guðrún segist hafa fengið beiðni um að kenna lopapeysprjón í Kanada en þar sem tíminn var knappur, ákvað hún að kenna aðeins mynsturprjónið á berustykkinu.

“Í Kanada var aðeins boðið uppá dagnámskeið í lopapeysprjóninu sem er frekar knappur tími. Til að hægt væri að verða við óskum sýningahaldara þá ákvað ég að kenna aðeins axlarstykkið þannig að byrjað var frá hálsmáli sem gekk vel hjá sumum en ekki öllum. Nemendum var boðið að hitta mig á sýningunni til að fá leiðbeiningu um framhald á prjóninu sem ekki komst til skila hjá þeim” segir Guðrún.



*Viðskiptavinur matar sjal.*





# ÁSDÍS FINNSDÓTTIR

Ásdís Finnsdóttir býr í nágrenni Selfoss. Hún er kennari að mennt og hefur m.a. kennt í Sunnu-lækjarskóla, Menntaskólanum á Laugarvatni og Glerhólsskóla í Grímsnesi. Hennar sérgrein er textíll.



Kennslustofan.

“Ég byrjaði að fikta við handavinnu þegar ég var fjögurra ára eða svo,” segir Ásdís. “Þá saumaði ég dúkkuföt, fór svo að hanna og sauma föt á vinkonur mínar, dunda við krossaum og prjóna. Hinsvegar hef ég áhuga á öllu handverki, hvort sem það er smíðar, glervinna, postulínsmálun, vatnslitun, mosaic eða textíll. Ég bara get ekki valið eitthvað eitt.”

Þetta hljómar kunnuglega því Ásdísi er margt til lista lagt. Hún er góður teiknari, prjónar listavel, hefur gott auga fyrir sniðum og efnum og er í einu orði sagt alhæf á handverk og listir.



Ekki lituð upp, þótt myndataka sé í gangi.

“Ég hef alltaf leitað eftir því að fara út fyrir rammann,” segir hún. Það var svo fyrir mörgum árum að ég keypti blað með töskum (saumuðum) og fannst eitthvað áhugavert við efnin. Ég áttaði mig fljótlega á því að þau væru máluð með einhverjum litum, sem væntanlega hafa verið batiklitir sem voru útpýntir til að fá daufa áferð.

Það sem gerðist næst var að ég keypti mánaðarteppi þar sem ég fékk eina blokk í mánuði í 18 mánuði. Þetta teppi hafði verið auglýst í áströlsku blaði. Þar sá ég þessa flottu tækni, að nota tréliti sem hægt væri að nota á efni og bleyta til að fá vatnslitaáferð.”

Þetta er nákvæmlega það sem Ásdís kenndi á sínum námskeiðum í Kanada. Hún valdi einfaldar myndir

sem hægt var að sauma útlínur í höndum og lita.

Námskeiðið heppnaðist afar vel og voru þátttakendur, sem margir komu með sín eigen verkefni, afar ánægðir.

“Ég lærði reyndar ansi mikið líka” segir Ásdíst. “Margar þeirra sem komu höfðu talsverða kunnáttu í þessu og miðluðu af sinni reynslu, bæði mér og öðrum þátttakendum. Svona eiga námskeið að vera” segir hún.



Unnið af kappi.



Áhugasamir nemendur.



Ásdís leiðbeinir.





## MARGRÉT ÓSKARSDÓTTIR



Það þarf líka að næra sig.



Verkefnið rétt.

Ég hef alltaf haft gaman af alls konar handverki og þá sérstaklega þrjóni, vefnaði og saumaskap. Hef þrjónað mikið í gegnum tíðina og á tímabili hannaði ég peysur fyrir tímaritið Lopa og band. Ég kynntist bútasaumi í gegnum vinkonu mína, Kristínu Láru Magnúsdóttur, sem kenndi mér hvernig ætti að skera efnin eftir mynstrum og eftir það hef ég haldið áfram í bútasauinum. Síðustu árin hefur áhugi minn beinst meira í áttina að óhefðbundnum bútasaumi, sem mér finnst mjög skemmtilegur. Það er alltaf gaman að læra eitthvað nýtt og á bútasaumsýningunni í Birmingham í ágúst sl. fór ég t.d. á tvö námskeið og lærði ýmislegt nýtt, sem ég ætla að nýta mér í framtíðinni.

Fyrir margt löngu fór ég á námskeið í vefnaði hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands og í framhaldi af því keypti ég mér vefstól. Eftir að ég hætti að vinna hef ég haft meiri tíma fyrir vefnaðinn. Ég hef sótt nokkur námskeið hjá HÍ og því hefur vefnaðurinn fengið meira vægi hjá mér á síðustu árum. Þar með er ekki sagt að bútasauðurinn sitji á hakanum, hann mun alltaf eiga sinn stað hjá mér. Það er óskaplega gaman að skoða efni og spá í hvað væri nú hægt að gera úr þessu. Sama á við alls konar efni fyrir

vefnaðinn. Hvað skyldi nú vera hægt að vefa úr þessu bandi?

Ég er með góða aðstöðu fyrir hvoru tveggja. Ég á tvo vefstóla, annar er í sumarbústaðnum, sem við hjón eigum á Suðurlandi, og hinn er heima hjá mér. Það er nefnilega ekki hægt að taka vefstólinn undir hendina eins og saumavélina. Ég er með mjög



Leiðbeint.

góða aðstöðu í sumarbústaðnum fyrir áhugamálin en skógrækt fellur þar undir.

Í vor er leið var Íslenska bútasaumsfélaginu boðið að vera með sýningu á verkum sínum í litlum bæ, Alisa Craig í Ontario, Kanada. Stjórn félagsins ákvað að þiggja boðið og send voru út 120 verk. Ég átti þrjú bútasaumsverk og eitt ofið verk. Þar hélt ég námskeið þar sem ég kenndi þáttakendum að búa til laufblöð með því að nota efni sem hverfur þegar það er lagt í bleyti.



Við vefstólinn.

Að taka þátt í þessari sýningu í Ailsa Craig var einstaklega skemmtilegt og gaman að upplifa gestrisni og vináttu þessa fólks sem tók á móti okkur og bar okkur á höndum sér.





# DAGBJÖRT GUÐMUNDSDÓTTIR



*Dagbjört og áhugasamur nemandi.*

Dagbjört Guðmundsdóttir segir sköpun hafa fylgt sér stærstan hluta ævinnar.

“Ég byrjaði í handavinnu í Vestubæjarskóla, Melaskóla, Hagaskóla og gagnfræðaskóla verknáms þar sem ég var á handavinnubraut í tvö ár. Eftir það tók við fagnám í Noregi þar sem ég lærði meðal annars vefnað, málun og listasögu”

segir hún. Dagbjört segist hafa stundað myndlist og oft blandað textíl inn í myndirnar sínar. Einnig hefur hún notað vefnaðarkunnáttu sína við myndgerð ásamt því að “mála” líka með allskonar þráðum, ull og efni sem hún litar sjálf.

“Ég saumaði fyrsta búta-  
saumsteppið eftir dönsku blaði 1976”  
segir hún. Svo fór ég á tvö námskeið í



*Spáð og spekúlerað.*

Virku 1981-82 og hef stundað búta-  
saum síðan og kennt víða um land.  
Ég tók þátt í að stofna Íslenska búta-  
saumsfélagið í nóvember árið 2000  
og hef verið virk í því. Meðal annars  
stofnaði ég Hetjuteppaverkefnið árið  
2000 í samstarfi við Margréti Ósk  
sem er var formaður þá. Ég var for-  
maður félagsins í tvö ár og innleiddi  
félagið í bæði EQA og NQT. Ég hef  
verið í stjórn og nefndum, tekið þátt í  
EQA verkefnum og verið með í ýms-  
um sýningum félagsins, t.d í Birming-  
ham og víða í Evrópu. Einnig var ég  
með á sýningu félagsins í Ailsa Craig  
í Canada i vor og kenndi þar textíl-  
vinnu.



*Dagbjört leiðbeinir nemendum.*



*Hvernig er best að gera þetta?*





# SVEINA BJÖRK JÓHANNESDÓTTIR

Sveina Björk Jóhannesdóttir er textílhönnuður. Hún er sveitastelpa frá Öngulsstöðum í Eyjafjarðasveit. Það var mikið handverk í kringum hana í uppvestinum, mamma hennar, amma og langamma þrjónuðu, saumuðu og ófu. Sveina varð stúdent frá textílbraut í VMA og fór að því loknu í MHÍ og lærði textílhönnun þar. Síðan lærði hún útsaum í Bretlandi.

Sveina segist alltaf hafa haft áhuga á að blanda saman aðferðum eins og litun, þrykki, útsaum og bútasaum og það sést í verkunum hennar.

“Ég hef kennt bútasaum við VMA í ca 13 ár” segir hún. “Þar hefur það þróast þannig að ég kenni nemendum mínum fyrst að skissa út



Hér verða listaverkin til.

frá þema, síðan eru efnin lituð og svo er hægt að byggja ofan á með þrykki og útsaum. Í Kanada var ég með grunninn af þessum kúrs, eða skissuvinnu út frá þema/ljósmynd. Markmiðið var að svo héldu nemendur áfram með verkið eftir námskeiðið.”



Átugasemin leynt sér ekki.



Sveina Björk leiðbeinir.





# ERLA SIGURÐARDÓTTIR



*Prjónað af kappi.*

Þegar bútasaumsfélagið óskaði eftir leiðbeinendum á sýninguna sem halda átti í Kanada, hvatti móðir Erlu hana til að sækja um. Þá þurfti að finna verkefni sem hentaði. Fyrir valinu varð að kenna prjón á skott-húfu. Hófst Erla handa við að finna heppilega uppskrift og þýða hana á ensku svo nemendur hefðu skriflegar leiðbeiningar. Enda er prjón tímafrek iðja og óvíst hvort þátttakendur myndu ná að klára húfuna á námskeiðinu. Erla starfar á fjármála-sviði Landspítalans og hefur gert síðustu 20 árin. Hún hefur gríðarlegan áhuga á handverki, einkum prjóni og bútasaumi. Frá unga aldri hefur handverk heillað Erlu og þegar móðir hennar byrjaði í bútasaumi þá fylgdist hún spennu með. Auðvitað fór það þannig að háskólanemanum



*Erla sýnir fallegan vettling*

var gefið efni og sagt að sauma! Erla segist alla tíð hafa fengið innblástur frá umhverfinu. Hún hefur farið á

lengri og styttri námskeið og svo nýtt sér kennslumyndbönd sem auðvelt er að finna á alheimsnetinu.





# MARIANNE TÓVINNUKONA

## KANADAFERÐ MED MEIRU

Marianne heiti ég og kalla mig Mátóvinnukonu því ullarvinna af ýmsu tagi er mín sérgrein og áhugamál. Ég hef verið tengd Heimilisíðnaðarskólanum í mörg ár og kenni tóvinnu, kríl, vattarsaum, halasnælduspuna o.fl., bæði fullorðnum og börnum og hef m.a. setið í ritstjórn Hugar og Handar sem og í funda- og fræðslunefnd félagsins.

Annað stórt áhugamál mitt er svokallað „reenactment“ sem ég stunda með víkingafélaginu Rimmugýgjur og með miðaldahópnum á Gásum. Á mörkuðum og öðrum uppákomum sýnum við lifnaðarhætti, klæðnað, mataræði og handverk víkinga og miðaldamanna. Ég hef sjálf spunnið, litað og ofið allan minn fatnað sem er endurgerður samkvæmt fornleifafundum þessara tíma, m.a. kjól af konu frá 10. öld sem fannst í kumli á Ketilsstöðum og alklæðnað frá Herjólfssnesi á Grænlandi, þar sem Íslendingar höfðu búsetu í 500 ár eða fram að 15. öld.

Þess vegna kom það mér skemmtilega á óvart að íslenska bútasaumsfélagið bauð mér að taka þátt í sýningu í Ailsa Craig í Kanada í apríl 2018 til að sýna og kenna íslensku tóvinnuna og kríl sem er einföld aðferð án áhalda að búa til bönd.

Ég viðurkenni samt að í fyrstu leist mér ekki á þetta – ég kann ekkert í bútasaumi og þekkti engan í hópnum. Útliðið að vera í margra daga ferða-

lagi með ókunnugu fólki var svolítið yfirþyrmandi en ég lét slag standa og þvílík upplifun, dásamlegar konur allar saman, skemmtilegar, klárar og hjálplegar og fyndnar.

Skipulag bútasaumsýningarinnar í Ailsa Craig var unnin í sjálfböðavinnu eingöngu og fólkið greinilega vant þessu. Allt gekk snurðulaust fyrir sig og hugað að hverju smáatriði – gestafjölskyldum okkar, matnum þar sem við fengum VIP afgreiðslu svo við þyrftum ekki að bíða, útsýnisferðum til Niagara Falls og leikmunasafni í Stratford. Veiðiferðin eftir efnunum í bútasaum var ógleymanleg. Margrét Óskarsdóttir greindi mig skarplega sem manneskju í uppsveiflu og stakk upp á að loka kortinu mínu. Ég keypti 6 efni (sem er víst ekki mikið á bútasaums mælikvarða) og er eitt þeirra þegar orðið að kjól.

Grillkvöldið með Helen og Bill var dásamlegt, við tókum lagið Ríðum undir kanadísku tungli, borðuðum pylsur, skoðuðum asna nágrannans og Helen og ég fundum að við erum sálarsystur, eitthvað bara small svo vel saman með okkur.

Söluborð okkar var hlaðið alls konar handverki, þar voru þrykktir púðar, prjónapeysur og vettlingar o.fl. Ég var með jurtalitað garn, litað með plöntum úr garði mínum og seldist nánast allt upp.

Ég hafði verið beðin um að halda erindi um íslensku ullina því þar á svæði eru sauðfjárbændur með

íslenskar kindur. Kimber Valley Farms gaf ull af íslenskum kindum, sem þar eru ræktaðar af mikilli fagmensku og ástríðu, til að nota á spunanámskeiði sem ég kenndi og var hún alveg ótrúlega góð, hrein, glansandi og með gott tog og þel.

Fyrirlestur um sögu og eiginleika íslensku kindarinnar vakti mikla lukku, skemmtilega umræðu og spurninga.



Námskeiðin mín voru fullbókuð, bæði í að kríla bönd og spinna á halasnældu. Snældurnar sem ég hafði komið með seldust allar upp og ein kona sem hafði farið árangurslaust á þrjú námskeið áður en aldrei lært að spinna, var alsæl þegar kraftaverkið gerðist og hún fór heim með tvær fallega spunnar hespur!

Margt fleira gæti ég sagt um þetta Kanada ævintýri. Gestrisni, traust og vinsemd gestafjölskyldu minnar var alveg með ólíkindum. Veðrið var með okkur allan tímann og dásamleg tilfinning að geta farið út í sumarfötum eingöngu, engin þörf á lopapeysu...

Takk fyrir að hafa mig með!





# BARN QUILTS –

## BLOKKIR Á HLÖÐUM OG HÚSUM



*Maðurinn sem býr á þessum bæ fékk svona teppi í brúðargjöf frá móður sinni fyrir áratugum. Allar götur síðan hefur hann látið gera eins teppi og gefið börnum og barnabörnum þegar þau gjfta sig. Blokkin er sem sagt heilt teppi.*

Eitt af því sem vekur athygli í Ailsa Craig og nágrenni eru myndir af bútasamsblokkum á húsum og hlöðum. Blokkirnar eru allar mismunandi að lit og stærð.

Þessi hreyfing hófst í Ohio árið 2001 þegar Donna Sue Groves ákvað að heiðra móður sína og hennar stærsta áhugamál með því að mála bútasamsblokk á hann hjá þeim. Eftir að hafa rætt þetta við ættingja og nágretta, áttaði Donna sig á því að þessi litla hugmynd gæti hafa víðtækari áhrif og jafnvel orðið til góðs fyrir samfélagið.

Hún hafði samband við stjórn bæjarfélagsins og í samvinnu bjuggu þau til „snúru teppa“ þar sem fyrsta myndin var gerð 2001, Ohio stjarna og í framhaldi voru fleiri blokkir málaðar og settar á hlöður. Kort var búið

til svo fólk gæti ekið á milli og skoðað blokkirnar. Um leið jókst straumur ferðamanna og staðir sem sjaldan eða aldrei höfðu verið heimsóttir, komust á kortið.

Í Ontario, í nágrenni Ailsa Craig eru fjölmargar blokkir. Sú sem hefur málað flestar (í samvinnu með öðrum) er Nancy Michielsen en hún hefur haft aðkomu að rúmlega 50 myndum. „Þegar til stendur að búa til bútasamsblokk á hlöðuvegg eða jafnvel húsvegg, þarf að skipuleggja það vel,“ segir Nancy sem sjálf er bútasamari sem líka hefur áhuga á myndlist og hefur málað margar fallegar myndir. „Kerfið er þannig að ef blokkin sést vel frá veginum, er hægt að fá styrk til að gera hana og sá sem á bæinn eða húsið greiðir ekkert fyrir. Sé blokkin hinsvegar í hvarfi, þarf að greiða kostnaðarverð sem er um 400 dollarar. Þetta er vegna þess að blokkirnar fegra umhverfið og hafa áhrif á fjölda ferðafólks í héraðinu.



*Þessar þrjár myndir: Blokkirnar eru settar upp þannig að þær sjást frá veginum.*







*Nancy Michielsen sem stýrir verkefnum og teiknar flestar blokkirnar stendur hér á veginum fyrir framan eina hlöðuna.*



*Þessi flotta stjarna sómir sér vel á hlið hlöðunnar.*

Það er til kort yfir þær, bæði á netinu og prentað og margir aka leiðina alla til að skoða þau. Við það opnast möguleiki á að þjónusta þá sem eiga leið um.“

Hver blokk á sér sína sögu. Oft er um að ræða uppáhaldsblokk viðkomandi, eitthvað sem tengist minningum eða jafnvel bænum sjálfum. „Þannig má sjá blokk sem er skuggamynd af stúlku með sólhlíf en þessi blokk er í raun heilt teppi. Á bænum býr gamall maður sem fékk svona teppi frá móður sinni þegar hann var ungur maður. Þetta teppi þykir honum ákaflega vænt um og þegar hann eignaðist börn og þau giftu sig, fékk hvert fyrir sig nákvæmlega eins teppi. Þegar farið var að ræða um að setja blokk á hlöðuna kom ekkert til greina annað en teppið allt og það var gert“ segir Nancy og bætir við að þetta hafi verið með skemmtilegri verkefnum hennar.

Önnur blokk er karfa með eggjum. „Á þessum bæ hefur alltaf verið mikið af hænnum og eggjaframleiðsla,“ segir Nancy. Ef vel er að gáð, má sjá fjölda hæna spígspora um lóðina. Þær ganga alveg lausar og koma sjálfar heim á kvöldin, í kofann sinn. „Það kom því fátt annað til greina en að mála körfu með eggjum og setja á hlöðuna og eigendurnir eru mjög hamingjusamir með árangurinn. En þá er kannski næst að spyrja betur út í það hvað hlöðuteppi – Barn quilts – eru?

„Þau eru oftast rúmlega 2 metrar á kant eða meira og eru máluð með málningu sem þolir útiveru og endist í um það bil 10 ár,“ segir Nancy. „Blokkirnar segja alltaf sögu, hvort sem hún er persónuleg eða á við um



*Nancy var að skoða bítasaumsbók og rakst á þessa blokk. Henni fannst nafnið við hafi og blokkin falleg svo hún ákvað að gera hana og setja á eigið hús. Þetta var árið 2015. Síðan hafa farið margar vinnu- og skemmtistundir í að mála blokkir“ segir Nancy og brosti út undir eyru.*







Það var ekki bara mannfólkið sem hafði gaman af saumaskap og því sem fylgir. Þessi köttur sem bjó heima hjá einum gestgjafanum var mjög hrifinn af tölupokanum...



mynstrið sjálft. Í Kanada er hægt að fylgja þeim eftir með því að skoða síðuna: <http://www.barnquilttrails.ca> og annars staðar með því einfaldlega að slá inn í leitarvél „barnquilts“ eða „barn quilts“.

Nancy segir eftirspurnina mikla og að hún fái stöðugt fyrirspurnir frá fólki sem vill fá blokk á hús eða hlöðu. Til að svo megi verða þarf að hitta fólkið og skoða aðstæður, ræða um mynstur, staðsetningu og líti. Svo er sett saman teymi sem gerir blokkina og annað teymi setur hana upp á fyrirhugaðan stað. Því næst er sagan skráð.

„Þetta er talsverð vinna en skemmtileg,“ segir Nancy sem er að sögn félaga sinna alger snillingur í að teikna upp blokkirnar. „Við erum hreykin af þessu verkefni og það hefur vakið talsverða athygli, ekki síst vegna þess hvað blokkirnar eru fjölbreyttar og sögurnar áhugaverðar“.

Á húsi Nancyar er blokk sem heitir Nancy's fancy.

*Vigdís Stefánsdóttir*



*Smona turnar eru víða – og blokkir virðist ekki stór við hlið þeirra.*



*Sumir hafa blokkir á heimahúsum.*





# BÓKAKYNNING

*RADIANT LANDSCAPES. TRANSFORM TILED COLORS & TEXTURES INTO DRAMATIC QUILTS.*



**H**öfundurinn Gloria Loughman frá Ástralíu hefur skrifað nokkrar bækur, sett upp nokkrar bútasaumssýningar og verið dómari á sýningum. Verk hennar hafa birst í mörgum blöðum og bókum. Í þessari bók er aðaláherslan lögð á landslagsmyndir þar sem bakgrunnur verkanna er eins og flísar og sýnir höfundur hvernig hún býr til bakgrunninn.

Bókin hefst á kafla um hvernig skuli byrja á nýju verki. Höfundur lýsir því hvernig hægt er að fá hugmyndir, t.d. með því að taka ljósmyndir og leiðbeinir um hvernig eigi að nýta sér þær í hönnun verksins. Einn kaflinn fjallar um liti og hvernig þeir blandast. Þar er farið í litaskalann og útskýrt hvernig litir verða til með mismunandi blöndun. Farið er yfir val á efnum og kenndar aðferðir við að lita og mála efni. Mjög góðar skýringar eru á því hvernig raða skuli efnum til þess að fá fallegan flísalagðan bakgrunn og hvernig skera skuli efnin og festa þau áður en gengið er endanlega frá þeim.


Höfundur leiðbeinir um litaval, hvernig á að raða efnum til að búa til flísamynstur sem bakgrunn.

Margar myndir prýða bókinn í hverjum kafla og er auðvelt að fara eftir þeim. Textinn í bókinni er stuttur en hnitmiðaður og auðvelt að skilja hvað höfundur er að fara, enda kennari að mennt.

Þetta er eiguleg bók sem gaman er að skoða og fá hugmyndir.

Útgefandi er C&T Publishing, ISBN 978-1-60705-630-0 (soft cover).

Útgáfuár 2013.



## *THE BAG BOTIQUE.*

*HÖFUNDUR DEBBIE VON GRABLES-CROZIER.*

**Þ**essi bók er um allskonar töskur. Litlar og stórar, kringlóttar og ferkantáðar svo eitthvað sé nefnt. Í upphafi bókarinnar fer höfundur í gegnum aðferðir við að sauma rennilása og sylgjur á töskurnar, frágang á saumum, hvernig eigi að ganga frá bindingum og margt fleira. Góðar og stórar ljósmyndir sína vel hvernig gera eigi hlutina. Leiðbeiningar við saumskap hvernar tösku eru góðar og ætti að vera auðvelt að fara eftir þeim. Við skoðun á myndunum sést vel vandaður saumskapur og fallegur frágangur. Þetta er falleg og eiguleg bók sem gaman er að flétta. Töskurnar eru í glaðlegum litum. Snið eru aftast í bókinn fyrir þær töskur sem það á við.

Það eru uppskriftir af 20 töskum í bókinni og þær eiga allar sín nöfn, kvenmannsnöfn. Meira að segja ég á mína tösku og verð ég því ekki að sauma hana?

Höfundurinn Debbie von Grables-Crozier hefur starfað við uppskriftagerð og blaðamennsku síðan 1997. Hún hefur ferðast vítt og breytt um heiminn og skrifað greinar og bækur um allskonar listgreinar.

Útgefandi er Search Press Limited, ISBN: 978-1-78221-430-4.

Útgáfuár 2018.



*Margrét Óskarsdóttir*





# MYNDIR ÚR STARFI









# BÚTASAUMSHÁTÍÐ Í BIRMINGHAM

Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða Leifsstöð, var pottfull af fólki kl. rúmlega 5 að morgni þann 8. ágúst 2018. Í þessum stóra hópi ferðafólks voru tæplega 40 konur (og tveir karlar) á leið til Birmingham á Festival of Quilts. Karlarnir tveir voru þeir Logi Höskuldsson og Janus Bragi Jakobsson sem voru að gera heimildarmynd um bútasaumsklúbbinn Þjötlurnar sem einmitt voru stærsti hluti kvennanna í hópnum. Fararstjóri og skipuleggjari var Jóhanna Viborg, sem rekur bútasaumsverslunina Bóthildi.

Lent var í Manchester og þar beið rúta sem flutti ferðafólkið til Birmingham.

Sýningin hófst kl. 10 að morgni næsta dag en ákveðið hafði verið að mæta aðeins seinna til að sleppa við troðning í byrjun sýningarinnar. Hópurinn fór í lest á sýningarstað og svo skildu leiðir.



Fólk streymdi inn um leið og var opnað.

Sýningarsvæðið er gríðarstórt, tekur yfir 3 hvelvingar í NEC sýningar- og ráðstefnuhöllinni í Birmingham. Rúmlega 300 fyrirtæki sýna og selja vörur sínar. Það eru litlar og stórar verslanir með bútasaum

og bútasaukstengdar vörur, fyrirtæki með allskonar handverksvörur og auðvitað saumavélaframleiðendur, svo eitthvað sé nefnt.

Einnig er ótrúlegur fjöldi námskeiða við allra hæfi. Sum þeirra voru stutt og snéru að einhverju einföldu á meðan önnur tóku nánast allan daginn. Þar að auki var boðið upp á fyrirlestra um allt mögulegt sem tengist bútasaumi, list og saumaskap. Skipulag sýningarinnar var til fyrirmyndar og þannig að verkin, námskeiðin og fyrirtækin blönduðust vel.

Birmingham er þægileg borg og margt að skoða. Hún býður upp á ógrynni matsölustaða og verslana og fór hópurinn saman út að borða eitt kvöldið. Einnig var hin fræga Silkibúð heimsótt en það er verslun sem er rétt við verslunarmiðstöðina Bullring. Þar eru nokkrar hæðir af efnum á góðu verði. Verslunarmiðstöðin og göturnar í kring eru fullar af verslunum sem við þekkjum og







Ragnheiður, Vigdís og Margrét.

voru þær margar heimsóttar – sumar oftast en einu sinni.

En allt gott tekur enda og hópurinn safnaðist saman að morgni 13. ágúst til að fara heim.

## BÚTASAUMSSÝNING Í BIRMINGHAM 2018

Það var ævintýri líkast að fara á búta-  
saumssýninguna í Birmingham. Ekki  
aðeins að skoða verkin sem eru á  
sýningunni, heldur líka að sitja árs-  
fund European Quilting Association,  
EQA, sem er partur af dagskránni en  
sá fundur stendur í einn dag. Aðildar-  
löndin hafa verið 19 en á þessum  
fundi var aðild Úkraínu samþykkt og  
þá eru löndin orðin 20.

Verkin sem voru til sýnis eru  
hreinustu listaverk hvað varðar tækni,  
litaval, stungur og efnisval. Ekki var  
einungis um bómullarefni að ræða,

það var t.d. notað plast á mjög fal-  
legu verki sem má sjá á mynd með  
þessari grein. Mjög gaman var að  
ganga um sýninguna og sjá alltaf ný  
og ný verk, en við lauslega talningu á  
verkum í sýningarskrá voru þau ríf-  
lega 800 talsins.

Fjölbreytileiki listaverkanna er  
ótrúlegur. Verkin falla undir nokkra



Aldan er búin til úr plasti.

flokka s.s. „Fine Art Quilt Masters“,  
„Novice Quilts“, „Art Quilts“,  
„Contemporary Quilts“, auk klass-  
ískra verka, svo nokkrir flokkar séu  
nefndir. Á sýningunni voru einnig  
verk barna allt frá 5 ára aldri upp í  
18 ára en þeim er skipt í flokka eft-  
ir aldri. Að auki voru verk þar sem  
höfundar að verkunum eru tveir og  
nokkur verk voru sýnd sem voru  
unnin í samvinnu nokkurra búta-  
saumskvenna.



Það var ekki bara verið að sýna dúka.



Teppi frá Úkraínu, sýnt á ársfundinum.

Hvert aðildarlandanna sendi 8  
verk og var þemað í ár „Boundaries“  
eða mörk / landamæri. Verkin frá  
Íslandi sómdu sér vel á meðal verk-  
anna frá hinum löndunum og var  
gaman að skoða hvað mikil vinna var  
lögð í þau. Hvert aðildarlandanna  
sendir svo eitt verk sem á að sýna  
fjölbreytileika landanna. Verk Íslands  
var unnið af Ástu Kristjónsdóttur.

Auðvelt er að gleyma sér við  
skoða öll þessi listaverk og láta sig  
dreyma um að útbúa eitthvað álíka  
fallett. Það sem vakti mesta athygli  
há mér voru stungurnar á mörgum







Verk Ástu Kristjánsdóttur.

verkanna. Frjálsar stungur, sem voru hreinustu listaverk.

Parna voru einnig fjölmargar verslanir sem seldu vörur og saumavélaframleiðendur með sínar vélar og var meira en sjálfsagt að fá að prófa. Eins gott að halda vel utan um budduna. Að sjálfögðu var ýmislegt keypt sem er algjörlega nauðsynlegt að eiga. Myndirnar tala sínu máli um fjölbreytnina, en það er ekki vinnandi vegur að sýna myndir af allri flórunni.

Það er gaman að geta þess að 40 manna hópur bútasaumskvemma á Vestfjörðum fór á sýninguna og voru tveir kvikmyndatökumenn með í för sem mynduðu herlegheitin og ætla að gera heimildarmynd um þessa ferð og bútasaumskonur á Vestfjörðum. Það verður gaman að sjá hana þegar hún verður sýnd.

Ég hvet áhugasama til að sækja þessa sýningu heim á næsta ári.



**Sameiginlegt verk.** Ákveðið var á síðasta ári að öll aðildarlöndin skyldu útbúa eina blokk í svörtum og hvítum litum og afhenda þau á ársfundi samtakanna. Þessi mynd er af blokkunum þegar búið var að raða þeim upp. Fulltrúi eins landanna tók að sér að sauma bútana saman og annar fulltrúi tók að sér að stinga. Samvinna í verki. Verkið verður svo ventanlega sýnt á 20 ára afmæli samtakanna á næsta ári. Íslenska blokkin er 2.fh. í neðstu röð, saumuð af Ragnheiði Björnsdóttur.



Fyrirmyndin er saumuð eftir teppi frá árinu 1842 en eigendurnir settust að í Nýja-Sjálandi og tóku þetta teppi með sér.



Fyrirmyndin er blómið Gleyrn mér ei.



Samtals eru 9216 bútarnir í teppinu þar sem hver bútur er 1.5" og það tók 3156 klst. að sauma teppið.



Verk eftir Lynne Hanson sem sýnir frá saumaferðalagi hennar í gegnum tíðina frá mismunandi löndum.







**Samtímaverk (Contemporary Quilt). Styrkt af Janome**  
**1. verðlaun. Verk eftir Laima Whitty (Hopkinton, USA).**  
**Harvest Moon** (Fullt tungl að haustnóttum).

*Efni:* Bómullarefni og bómullarþráður. Eigin hönnun, saumað og frjálst stunga á saumavél.

*Hugmynd að verkinu:* “Ég ógráði sjálfri mér með því að sauma bogadregin stykki með láréttum og lóðréttum stykkjum inn í bogadregnu stykkinn. Þetta var fyrir mig mikil ögrun og þurfti heilmikla útreikninga til þess að fá þetta til að ganga upp. Á tíðum erfitt en ánægjulegt þegar því var lokið”.

*Umsögn dómara:* Falleg litasamsetning og einstaklega falleg hönnun þar sem fer saman venjuleg bütasaumstækni og áhrifamikil stunga sem gerir þetta að mjög vel heppnuðu samtímaverki.



**Novice Quilts (Flokkur þeirra sem hafa kviltað í minna en 3 ár)**

**1. verðlaun. Verk eftir Susan Sami, (Surrey, England)**  
**Global Harming.**

*Efni:* Procion litir, málað efni, vaxborinn þráður, hörþráður.

*Tækni:* Litað efni, þrykkt með thermofax, handsaumur. Stríðið í kringum okkur leiðir til aukins fjölda flóttamanna og við bætast landamærahindranir og pólitískar hindranir.

*Umsögn dómara:* Frábær samsetning sem vekur óróa með því að nota fallega og áhrifamikla samsetningu af litum ásamt nýrri útfærslu í bütasaumstækni. Allt þetta dregur fram það sem listamaðurinn vill ná fram í verkinu.



**Pictorial Quilts styrkt af JUKI**


**1. verðlaun. Verk eftir Katy Whitby Last (Huntly, Skotland)**  
**My Favorite Things.**

*Efni:* Bómull, silki, organsa.

*Tækni:* Ásaumur með límtækni, „needle turn“ ásaumur, frjál stunga á venjulega saumavél.

*Hugmyndin að verkinu kemur úr söngleiknum The Sound of Music.* Ætlan mín var að endurgera myndina eins eðlilega og ég gæti með því að nota marga litu frekar en að nota aðra tækni.

*Umsögn dómara:* Meistaralegur skilningur og óvanaleg útfærsla gerð til að ná fram sem eðlilegasti sýn á blómið, virkilega falleg og listræn vinna.



**Art Quilts Styrkt af Madeira**

**1. verðlaun. Verk eftir Jean McLean (Blenheim, New Zealand)**  
**And the sky danced** (Himinn dansar).

*Efni:* Handlitað bómullarefni, ullar- og bómullarvatt.

*Tækni:* Ásaumur.

*Hugmyndin að verkinu:* Norðurljósin eru stórkostleg og spennandi útfærsla af hreinni orku um leið og þau eru ótrúlega falleg.

*Niðurstæða dómara:* Spennandi og myndrænt verk þar sem saman kemur falleg hönnun og útfærsla.







**Modern Quilts. Styrkt af Pfaff**

**1. verðlaun. Verk eftir Mary Palmer (Innishannon, Írlandi)**

*Efnisnotkun:* Bómullarefni, ullarvatt, bómullarþráður.

*Tækni:* Bútaumur, frjálsstunga og vélstunga.

*Hugmynd að verkinu:* Þó svo að enska sé töluð á Írlandi mætti stundum halda annað. Útkoman er bæði skemmtileg og ruglandi. Leiðarlýsingar geta verið mismunandi og óskiljanlegar utanaðkomandi.

*Niðurstæða dómnafnar:* Meistarastykki. Einstakt og vel uppbyggt nútíma verk. Vel útfærð hugmynd.



**Ungir kviltarar. Verk úr flokki 5-9 ára barna.**

**1. verðlaun**

Þetta verk er eftir Basile Tharel (Frakklandi). „The Desert Dinosaur“.

*Efnisnotkun:* Efni, lím og saumavél.

*Aðferð:* Ásaumur og frjáls saumur.

*Hugmynd að verkinu:* Saga jarðarinnar okkar.

*300 ÁRA GAMALT VERK*



Á sýningunni í Birmingham var 300 ára gamalt búta-  
saumsverk til sýnis. Verkið er saumað með silkiefnum  
og er talið vera eitt merkilegasta verk í eigu breska búta-  
saumssambandsins hvað varðar flókna hönnun og fallett  
handbragð. Einnig er það talið vera einstakt til rannsókna  
á upphafi bútaums.

Hjá York St John háskólanum var farið af stað með  
vinnu þar sem stúdentar á listabraut fengu það verkefni  
að skoða teppið og fá hugmyndir sem þau áttu síðan að  
útfæra og rökstyðja. Verkefni var tvíþætt, annars vegar  
að skoða verkið og búa til mynstur eða hvað eina annað  
sem vísar til teppisins og hins vegar að hanna hluti sem  
Bútaumssamtökin gætu notað. Margar hugmyndir og  
útfærslur litu dagsins ljós.

Á sýningunni í Birmingham var hægt að kaupa alls-  
konar hluti þar sem notuð voru mynstur úr teppinu, má  
þar nefna gleraugnahlutur, pússluspil, málbönd o.fl.

Hægt er að kaupa bók með uppskriftum af öllum 69  
blokkunum sem eru í teppinu. Bókin heitir The 1718  
coverlet og höfundur er Susan Briscoe. 199 bls.

*Margrét Óskarsdóttir*





# SJÁLFBODAVINNA

Við veltum því fyrir okkur hvernig bær eins og Ailsa Craig, sem hefur um 1000 íbúa, getur ár eftir ár haldið sýningu sem byggir á því að bjóða heim fjölda fólks frá öðru landi og svarið var: sjálfbodavinna. Fyrir utan gríðarlega skipulagsvinnu sem er að mestu unnin áður en gestirnir koma, eru daglega 55 sjálfbodaliðar sem ganga

um sýningarsvæðið, sinna peningamálum, afgreiðslu, veitingahúsi og sérstökum matsal fyrir þá sem vinna á sýningunni. Bútasaumsfélagið hefur um 100 féлага og allir taka þeir þátt í þessum stóra viðburði.

Á meðfylgjandi myndum má sjá nokkra af sjálfbodaliðunum að störfum.



Vinnutafla sjálfbodaliða fyrir alla vikuna.



Í eldhúsinu var alltaf margt um manninn.




Vigdís bakaði þönnukökur.



Þessar innheimtu aðgangseyri.



Þessar sáu til þess að allt væri snyrtilegt í salnum.





# AÐ BÚA TIL SÍN EIGIN LAUFBLÖÐ

Að búa til sín eigin laufblöð er ekki erfitt né flókið. Áður en byrjað er að sauma er gott að vera búinn að tína ýmiss konar blöð, þurrka þau á milli t.d. dagblaða og setja eitt-hvað þungt ofan á til að slétta þau. Þegar blöðin eru orðið þurr er hægt að nota þau til þess að teikna upp útlínur þeirra á efni sem leysist upp í vatni t.d. frá Avalon. Val á tvinna fer algjörlega eftir því hvernig lit við

viljum ná fram á laufblaðinu. Fallegir haustlitir koma alltaf vel út.

Byrjað er á að sauma útlínur blaðsins og æðarnar. Saumið nokkrar ferðir til þess að útlínur og æðar sjáist vel. Svo er fyllt upp í blaðið með því að sauma óreglulega fram og til baka og gæta þess að sauma í útlínurnar til þess að blaðið haldist flatt. Setja flytjarann niður. Ef saumarnir ná ekki í útlínur blaðsins er ekki

möguleiki á að fá blaðið slétt. Það fer allt í hnút, trúið mér, hef reynsluna.

Þegar búið er að fylla upp í blaðið eins og hver vill, er klippt eins nálægt útlínunum blaðsins og hægt er og það lagt í bleyti í kalt vatn. Skolað vel og látið þorna og þú ert búin að búa til þitt eigið laufblað sem nota má í falleg listaverk.







*Laufblaðið skolað í volgu vatni.*



## MÖRKIN MILLI MANNA

**H**ugmyndin að þessu verki vaknaði þegar félagið kynnti „boundaries“ verkefnið.

Það eru margar hugsanir í verkinu. Hringirnir erum við og hvert og eitt eigum við bakgrunn annað hvort ein eða með öðrum. Bakgrunnurinn getur verið hjartur eða dimmur, mismunandi eftir því á hvaða æviskeiði maður er og við hvaða aðstæður.

Æskan er oft björt en þó getur verið skuggi. Ekki allir eiga fjölskyldu eða vini og sumir eru bara útilokaðir og standa hjá. Aðrir eru umvafðir vinum og fjölskyldu. Stundum verða aðstæður til þess að viðkomandi hleypir engum inn eða finnur ekki leið til að tengjast öðrum. Sem betur fer er oftast stuðningsnet, fjölskyldunet, vinanet til staðar.

Verum á verði – fylgjumst með ef einhver stendur utan við og drögum inn í hópinn. Hleypum fólki inn fyrir okkar persónulegu mörk.

*Vigdís Stefánsdóttir*





# ER ÞETTA BARA SVONA?

Við höfum flest heyrt um “the quilting bug” eða bútapest, sem best er að lýsa með því að segja að hún sé ólækandi en hægt að halda í skefjum. Þessi ágæta pest er reyndar mjög skemmtileg og hefur í för með

sér kosti eins og að kynnast öðrum og að fá útrás fyrir sköpunarkraftinn sem í manni býr.

Hún Sunna Rey Sigurjónsdóttir segist hafa prófað næstum því allt sem hægt er að gera í handverki. Flest hafi verið skemmtilegt en...það vantaði samt eitthvað uppá.

“Ég var alltaf að leita að einhverju,” segir hún. “Ég vissi ekki hvað það var en einhvern veginn vantaði eitthvað uppá. Ég þrjónaði, heklaði, saumaði út, fékk lánaða þrjónavélina hennar ömmu og ég veit ekki hvað. Hvert fyrir sig dugði um stund en svo fór ég að leita aftur.”

Sunna er fædd og uppalin í Reykjavík en býr “fyrir vestan”, er fyrrum bóndi á Ósi við Bolungarvík. Þar er sterk hreyfing handverksfólks og meðal annars hinn frægi búta- saumsklúbbur Þjötlurnar. Hún segist kunna vel við sig fyrir vestan og reyndar hafa alla tíð ætlað sér að búa í sveit en ekki borg. “Ég fór á bændaskóla og þar náði ég mér í mann, þó það hafi nú ekki verið tilgangurinn með skólavistinni,” segir hún og hlær við. “En það átti fyrir mér að liggja og svo fór að ég kynntist búta- saumi meðfram vegna þess að ég kynntist honum!”

## NÁMSKEIÐ OG CRAZY QUILT

Tengdamóðir Sunnu hafði minnst á búta- saum við hana af og til en Sunna alltaf fussað og sveiað yfir honum. Ekki þótt þetta henta sér á neinn veg og hún hafði ekki nokkurn áhuga á að kynna sér málið betur. “Tengdó gafst





ekki upp og fékk manninn minn til að koma mér á námskeið,” segir hún og dæsir aðeins við. “Þetta var árið 1999 og kennarinn var hún Björg frænka hans, Björg Kristjánsdóttir sem þá bjó í Bolungarvík. Þá var á Ísafirði hannyrðaverslun sem hét Baðstofan og var Björg í tengslum við hana. Nema hvað, ég man eftir því að hafa staðið á gólfinu og horft á kennarann sem var að útskýra fyrir okkur nemendunum hvernig gera ætti bjálka. Og ég hugsaði með mér: Er þetta bara svona? Ekkert flóknara en það?”

Þá áttaði ég mig á því að þetta væri það sem ég hafði verið að leita að. Þarna var það komið. Bútasauður.”

Á námskeiðinu lærði Sunna að gera bjálka og ástarhnút, grunninn í hefðbundnum bútasaumi. “Ég saumaði samt ekki bjálka lengi á eftir,” segir hún. “Ég hellti mér beint í að gera crazy quilt teppi því ég átti þvílíkt óhemju magn af allskonar efnum frá ömmu minni og það var ekki við það komandi að ég henti tusku, hversu lítil sem hún var. Nú var komið tækifæri til að gera úr búتونum teppi og það gerði ég. Teppið tók ég svo með mér suður og sýndi mömmu sem spurði samstundis hvort hún mætti eiga það. Ég játaði því og fékk teppið ekki með mér heim aftur svo það er ósýnt fyrir vestan. Þetta teppi hefur verið notað í tætlur bókstaflega og það er ánægjulegt að vita til þess að það sem maður gerir sé notað og það metið að verðleikum”.

Sunna segist hafa notað útsaums-sporin á saumavélinni hennar ömmu (gömul Husquarna) til að sauma skrautsporin með búتونum og tölur í stað hnúta til að binda teppið.

## SEKKANTASÆNG

Sunna lét ekki þar við sitja og hóf handa við að gera sexkantateppi úr efnum frá ömmu sinni. “Þetta voru m.a. afgangar af sængurfötum sem amma hafði saumað. Ég gaf teppið móðurbróður mínum sem þekkti öll efnin og þykir afar vænt um teppið. Hann sefur undir því allar nætur,



hefur lak næst sér til að hlífa teppinu sjálfu. Það er notalegt að vita til þess að teppið heldur á honum hita.”

## VATTIÐ

Þegar Sunna fór á fyrsta fundinn með Þjöttlunum sagðist hún hafa séð þar afar fallegt teppi sem kona var að sýna. “Ég man eftir að hafa hugsað með mér að svona fallegt og stórt teppi myndi ég aldrei geta gert en raunin hefur verið sú að flest verkin mín eru rúmteppi. Ég nota núorðið oftast flís sem vatt, bómullarvattið er svo dýrt. Ikea-flísteppin eru mjög hentug, efnið er þægilega þykkt og

þau halda sér ágætlega. Ég prófaði fyrst flísteppin úr rúmfo en þau eru ekki eins góð,” bætir hún við.

## LISTAVERKIN

Þráin til að skapa rekur bútasaumara áfram við að prófa stöðugt eitthvað flóknara og skemmtilegra. Sunna er engin undantekning. “Ég hef aðeins verið að skoða listsaum (de. Artquilt),” segir hún. “Ég geng oft með eitthvað lengi í maganum og hef fullskapað þegar ég loks byrja. Hins vegar er ekki alltaf jafnaðvelt að vinna hlutina svo þeir verði eins og maður sér fyrir sér og stundum







Þetta teppi er óvissa frá Bonnie Hunter sem er bútakona sem ég er mjög hrifin af þó ég geri ekki eins mikið frá henni og áður. Ég er að fara meira í átt að nútíma (modern) mynstur ef mynstur skal kalla í sumum tilfellum.



Teppið gerði ég þegar ég tók að mér að þrúfa leiðbeiningar fyrir bandaríska konu sem er með bútasaums netverslun <https://iowastarquilts.com/index.html>.



Íslandssöguteppið mitt. Ég gerði það sem mánaðar-blokkir fyrir hóp á netinu sem ég var í með konum frá nokkrum mismunandi löndum. Ég spurði þær hvort þær hefðu áhuga á að læra um Ísland og tengdi hverja blokk við atburði í Íslandssögunni frá landnámi fram á okkar dag



Ég hef gert óteljandi margar tuðrur úr gömlum gallabuxum og blúndum í gegn um tíðina.

gengur það alls ekki. Mann vantar tækni eða aðstöðu eða einfaldlega veit ekki hvernig á að bera sig að. En þetta eru skemmtilegar þælingar.”

## STUNGUR

Frá upphafi bútasaumsferilsins hefur Sunna stungið eigin teppi. Raunar ekki bara sín heldur fyrir fjölmarga aðra. “Fyrst í stað handstakk ég allt, enda “átti” að handstinga og

vélstunga var og er kannski enn sums staðar, litin hornauga. Ég stakk í höndum sextkantateppið og annað stórt teppi fyrir son minn en fann fljótlega að það teppi var ekki nógu mikið stungið svo ég ákvað að bæta við vélstungu. Þá varð ekki aftur snúið. Ég keypti fljótlega Janome saumavél með 9” hálsi og gat notað hana til að stinga þokkalega stór teppi. Það reyndi að vísu talsvert á axlir og herðar þegar teppin voru stór og þung en allt hafðist þetta.”

Það er freistandi að skoða stunguvélar þegar maður hefur gaman af því að vélstunga og Sunna leitaði eftir hentugri vél í blöðum og á netinu. Allar kostuðu þær talsvert mikið, 2,5 - 3 milljónir, og hún taldi það ekki raunhæft. “En svo sá ég að B. Ingvarsson var kominn með stunguvél, Juki longarm vél sem maður getur setið við og hreyft teppið á meðan



Hér er mynd af Crazy teppinu sem ég gerði.



Ég geri mest teppi í ýmsum stærðum en geri þó stöku sínum minni hluti. Hér eru 12 diskamottur, brúðargjöf til frænku minnar fyrir nokkrum árum. Að sjálfsgöðu unnar að hluta til úr "rusli".







Þetta er eitt af "ruslateppunum" sem ég hef svo gamlan af að gera, þar sem allt er notað og engu hent. Þetta teppi fór til Japans eftir jarðskjálftann þar um árið. (Munstur frá Bonnie Hunter)

maður stingur. Vélin er líka í boði með Grace ramma og er þá aðeins dýrari en mér fannst það skipta máli að geta frekar staðið og hreyft vélina svo ég sló til og keypti slíka vél og get nú stungið af hjartans list með minna álagi á líkamann!

## HETJUR Í HEIMABYGGÐ

Sunna saumar ekki bara fyrir sig og sína. Hún tekur þátt í verkefni



sem Jóhanna Aðalsteinsdóttir kom á koppinn hjá Þjötulunum, Hetjur í heimabyggð en markmiðið er að sauma teppi handa veikum börnum og fólki sem lendir í áföllum og slysum. Þetta er gott verkefni segir Sunna og segist munu halda því áfram meðan hún getur.

## FJÖLSKYLDAN

Sunna er nú sjúkraliði og vinnur á

Ísafirði. Hún á fjögur börn og þrjú barnabörn (eitt á leiðinni þegar þetta er skrifað í október 2018). Breytingin er talsverð, frá því að vera bundin búi og í það að vera "bara í dagvinnu".

"Nú þarf ég ekki lengur að fara í fjós og þá finnst mér ég hafa allan tímann í veröldinni til að sauma," segir fyrrum bóndinn Sunna Rey Sigurjónsdóttir að lokum.

[reysr@yahoo.com](mailto:reysr@yahoo.com)



## Forsíða

Sigríður Karen Sigurgeirsdóttir (261 x 135 cm). Efni: bómull. Aðferð: Hexagon. Alls eru 1815 hexagonbitar í teppinu. „Ég byrjaði á að sauma hexagonbútana úr

afgöngum fyrir mörgum árum. Veturinn 2016-2017 fór ég í gegnum krabbameinsmeðferð og á þeim tíma heimsótti ég Ljósið. Ég ákvað á þeim tíma að búa til teppi úr öllum bútonum og kallaði það Drauminn.“





# RÓNASTÍGUR

## e. Drunkards Path

Það má gera margskonar búta með því að nota þessa aðferð, allt eftir því hvernig þeim er raðað upp. Í hvert mynstur eru notaðir tveir litir. Teiknið upp skapalón af mynstrunum og skerið út. Saumfar 1/4" er innifalið í mynstrinu.

Brjótíð upp á miðjuna á mynstrunum og leggið saman rétt á mótí réttu nákvæmlega þar sem brotin eru. **1** Festið stykkinn með útuprjónum nokkuð þétt og gætið að því að efnið liggja rétt saman á endunum (sé ekki skakkt). Saumið með 1/4" saumfari. **2** Straujið saumfarið í sitt hvora áttina.


Þegar búið er að sauma 6 búta og þeir snyrtir svo að þeir séu allir af sömu stærð er þeim raðað upp og það

er um að gera að nota hugarflugið. Ég raða þeim upp í boga og var með drykkjumanninn í huga. **3** Göngulagið reikult eftir of margra drykki. Saumför straujuð í sitt hvora áttina. Sníðið vatt og bak aðeins stærra en sjálft stykkið og stingið. Þegar búið er að stinga eru kantar snyrtið. **4**

Skerið 2,5" breiða bindingu og straujið hana saman svo að hún verði tvöföld. Brjótíð inn á annan endann og straujið vel niður. **5** Leggið bindinguna við réttuna á stykkingu og saumið hana niður. Byrjið að sauma ca. 2" frá endanum. **6** Þegar komið er að fyrsta horninu á að skilja eftir 1/4 úr tommu við endann. **7** Slítið frá og brjótíð upp á bindinguna svo að hún vísi beint upp

**8** og aftur niður og liggja **9** eftir þeirri hlið sem á að sauma næst. Byrjið saumfarið alveg við endann í hliðinni sem verið var að sauma. **10** Þegar búið er að sauma hringinn þarf að sauma bindinguna saman það gerum við með því að skáskera endann sem við vorum að sauma niður og stinga honum inn í bindinguna þar sem við byrjuðum að sauma hana niður. Brjótíð bindinguna yfir á bakhliðina og saumið niður, annaðhvort í höndum eða í vél. Ég geri það alltaf í vélinni og passa að sauma í saumfarið þar sem brotið er inn á **11** bindinguna og passa að saumurinn hitti í bindinguna á bakhliðinni.

Margrét Óskarsdóttir








## JÓLAPÚÐAR

Þegar jólin nálgast er gaman að fara aðeins í jólaefnin og gera eitthvað jólalegt. Þúðar eru tilvaldir til að nota upp afganga.





# RÚNASTÍGUR SNIÐ




**Vertu með okkur á**

<http://www.facebook.com/butasaumur>

**facebook**<sup>®</sup>



# AÐALFUNDUR OG SAUMAHELGI Á BLÖNDUÓSI



**H**elgina 20. – 22. apríl 2018 var aðalfundur Bútasaumsfélagsins haldinn utan Reykjavíkur– á Blönduósi. Í heildina heppnaðist fundurinn

og helgin afar vel og verður vonandi endurtekin.

Þetta er í fyrsta sinn sem aðalfundur félagsins er haldinn utan Reykjavíkur. Á Blönduós mættu rúmlega 20 hressar konur, flestar af höfuðborgarsvæðinu en líka af Suðurlandi og Akranesi. Dagskráin var þétt og afar skemmtileg. Flestar voru komnar seinni hluta föstudags, þó sumar kæmu ekki fyrr en á laugardagsmorguninn. Afar fljótt eftir komuna var búið að setja upp

saumavélar á öll borð í salnum og koma fyrir skurðarborði, strauborði og straujárnri á aðgengilegum stöðum. Nokkrar félagskonur voru fljótar að hefja saumaskapinn en aðrar voru með þrjóna- eða hekluverkefni. Það var sem sagt ekki planið að sitja verklausar.

Það var saumað og spjallað fram eftir kvöldi en svo fór að rúmið kallaði. Enda átti að byrja snemma morguninn eftir með morgunverði og spennandi námskeiðum.







Eldsnemma næsta morgun var byrjað snemma með örnámskeið sem voru um leið æfinganámskeið fyrir ferðina til Kanada. Margrét Óskarsdóttir kenndi hvernig hægt er að sauma laufblöð á efni sem leysist upp í vatni og Dagbjört Guðmundsdóttir kenndi aðferð við að búa til myndir

úr ýmsum bútum og öðru efni. Ásdís Finnsdóttir kenndi fríhendis útsaum í vél og höndum og trévatnslitun. Kolbrún Símonardóttir kenndi einfalda aðferð við pappírssaum.

Þegar leið á daginn var kallað til aðalfundar og farið yfir mál félagsins. Ragnheiður Björnsdóttir hætti sem

formaður og Margrét Óskarsdóttir tók við. Að loknum aðalfundi var hátíðakvöldverður. Þá kom Stefán Ólafsson lögfræðingur á Blönduósi og skemmti okkur með hljóðfæraleik og söng. Einnig voru félagsmenn með uppistand. Svo leið kvöldið við spjall og skemmtun.







Á sunnudagsmorguninn kom Anna Margrét Valgeirsdóttir sem er mikill áhugamaður um endurvinnslu og plastpokalaus veröld. Hún sýndi hvernig hægt er að sauma innkaupapoka og grænmetisþoka úr gömlum fötum og fleiru. Allt sem hún hafði meðferðis seldist upp.



Hádegisverður var svo snæddur í Brimslóð sem er steinsnar frá hótelinu alveg í fjöruborðinu. Þar fengum við þorsk og köku auk frásagnar um staðinn.

Á heimleiðinni var komið við á Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi.

Lauk þar með góðri helgi á notalegum stað á norðurlandi.

LEIÐBEININGAR  
UM SKURÐ Á  
ÞRÍHYRNINGUM.  
STÆRÐ ER Í TOMMUM.

Endanleg stærð	Skurður
2"	2 7/8"
2 1/4"	3 1/8"
2 1/2"	3 3/8"
2 3/4"	3 5/8"
3"	3 7/8"
3 1/4"	4 1/8"
3 1/2"	4 3/8"
3 3/4"	4 5/8"
4"	4 7/8"
4 1/4"	5 1/8"
4 1/2"	5 3/8"
4 3/4"	5 5/8"
5"	5 7/8"

og þannig er haldið áfram að skera. Úr þessum skurði fást tveir þríhyrningar.

# GARN

- Einlitt •
- Handlitað •
- Sprengt •
- Spreklótt •
- Kaflalitað •
- Yrjótt •
- Reyrt •

storkurinn.is  
storkurinn@storkurinn.is





# HJARTAPÚÐAR

Talsvert hefur borist af hjartapúðum (brjóstapúðum) og er þetta afar þakklátt verkefni. Konur sem hafa farið í uppskurð á brjóstum þurfa oft drepoka líka og er snið af þeim á fésbókarsíðu félagsins. Það væri gaman að fá nokkra þannig líka. Þeir geta verið einfaldir eða fóðraðir eftir atvikum.



Á VERALDARVEFNUM STÓRA ER AÐ FINNA ÓTAL VEFSÍÐUR UM BÚTASAUM. HÉR ERU NOKKRAR BLOGGSÍÐUR:



[thecraftymummy.com/2011/07/10-quilting-blogs-i-love](http://thecraftymummy.com/2011/07/10-quilting-blogs-i-love)



[blog.feedspot.com/canada\\_quilting\\_blogs](http://blog.feedspot.com/canada_quilting_blogs)



[quilt.com/quilting-blogs](http://quilt.com/quilting-blogs)



[www.favequilts.com/Beginner-Basics/Top-25-Quilting-Blogs](http://www.favequilts.com/Beginner-Basics/Top-25-Quilting-Blogs)

EF ÞÚ HEFUR EKKI FENGIÐ TÖLVUPÓST FRÁ OKKUR Í EINHVERN TÍMA GÆTI ÁSTÆÐAN VERIÐ RANGT NETFANG.

VINSAMLEGAST SENDIÐ OKKUR RÉTT NETFANG Á [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com)



## QVP línán frá **JUKI** vélar hannaðar fyrir bútasauum

### TL-2200QVP MINI

Hraðgeng beinsaumsvél sem hentar bæði til að sauma saman og til að stinga með. Þráðklippur, stálspóluhús o.fl. Borðstækkun fylgir með.  
**Verð 222.803kr.**



### TL-2200QVP "Seated" eða "Standing"

Stór hraðgeng beinsaumsvél hönnuð sérstaklega til að stinga með. Hægt að fá afhenta í borði eða í ramma. Nánari upplýsingar í verslun og á [www.bingvarsson.is](http://www.bingvarsson.is)



Verið  
velkomin!  
Opnið alla  
virka daga  
frá 10-17



## B. INGVARSSON ehf.

BÍLDSHÖFÐA 18 - 110 REYKJAVÍK

Sími: 588 9977 - [bingvarsson@simnet.is](mailto:bingvarsson@simnet.is) - [www.bingvarsson.is](http://www.bingvarsson.is)





# ALLAR SAUMA- VÉLARNAR MÍNAR FYRR OG NÚ

HELLEN HELGADÓTTIR

Mér finnst tími til kominn að fjalla aðeins um saumavéla-sögu mína. Fyrst ætla ég að skrifa um þær þrjár vélar, sem ég nota núna, og fara svo yfir þær vélar sem ég hef átt áður eða er hætt að nota.

Þetta er nýjasta, flottasta og besta vélin sem ég hef eignast, Husqvarna Viking Epic 980Q, sem kom út á þessu ári. Þegar ég sá útsaumsvélina Designer Epic árið 2016, þessa bláu, sleppti hjartað slagi, því vélin sjálf var svo flott, en ég hef hingað til ekki haft áhuga á útsaumi í vél. Hjartað tók svo aukakipp þegar ég sá að það var komin bleik vél, sem var sama vél og hin en án útsaums. Ég var staðráðin í að eignast hana. Ég keypti hana í Pfaff, Selma pantaði hana fyrir mig, því þau eru ekki með hana í búðinni, og fékk ég hana um miðjan ágúst.

Það sem mér líkar best við er stærðin, hún er stór, með langan arm og hátt undir arminn, nóg pláss í



kring um nálasvæðið t.d. þegar maður skiptir um fót eða nál. Hún þræðir sig sjálf, er mjög vel lýst. Flestar aðgerðir fara fram á snertiskjá sem virkar eins og spjaldtölva, og vélin er nettengd. Í henni eru ótal myndbönd með kennslu í saumaaðferðum, spólurnar eru stærri og því þarf sjaldnar að fylla á þær.

Það sem mér finnst líka svo flott er að hægt er að nota stórar tvinnaspólur á þessa vél. Hún er hljóðlát og einhvern veginn svo mjúk þegar hún vinnur.

Ég er alsæl með vélinu og held að við eigum eftir að eiga mörg góð ár saman.

Overlock vélinu mína eignaðist ég árið 2009, keypti hana í Pfaff. Ég hef saumað fót á sjálfa mig í áratugi, og á börnin mín þegar þau voru lítil, en



Husqvarna Viking Epic 980Q.



Husqvarna Viking Epic 980Q með flottum snertiskjá.







*Pfaff quilt expression 4.0.*

einhvern veginn lét ég aldrei verða af því að kaupa mér svona vél.

Þessi er mjög góð, ég hef mikið saumað jersey kjóla á hana undanfarin ár, auk annars. Hún velur sjálf stillingar þegar maður er búinn að segja henni hvernig efni maður notar og hvaða saumur er valinn, svo ég þarf aldrei að eyða tíma í að stilla eitt eða neitt.

Þessa Brother 2340CV þekjusaumsvél hef ég átt í tvö ár. Mér fannst nú algjör óþarfi að eiga svona, enda gat overlock vélin saumað þekjusaum líka, bara svolítill vinna að



*Brother 2340CV.*

breyta henni fyrir það, enda nennti ég því sjaldan.

En svo ákvað ég bara að láta hana eftir mér, enda fékk ég hana með góðum afslætti á saumavéladögum hjá Pfaff, og nota hana til að falda. Lúxus, en hún gleður mig.

## ELDRI VÉLAR

Þetta var fyrsta saumavélin mín, Singer futura.

Við mamma fórum á heimilis-sýningu í Laugardalshöll árið 1980,

(munið þið eftir þeim?), sáum þessa vél og urðum svo hugfangnar að mamma hjálpaði mér að kaupa hana, enda var ég í skóla og átti ekki mikla peninga. Hún var dýr, kostaði hálfa milljón fyrir myntbreytingu, og var seld í Fálkanum að því að mig minnir. Mér hefur alltaf skilist að þetta hafi verið fyrsta elektróníska saumavélin á markaðnum.

Þessi vél hafði allveg ótrúlega marga flotta fídusa, eins og til dæmis það að ekki þurfti að taka spóluna úr til að fylla á hana, heldur spólaði hún með spóluna á sínum stað, í gegnum nálina. Hnappagötin voru sjálfvirk, og hægt að endurtaka nákvæmlega eins hnappagat og það fyrsta, og hún mældi sjálf stærðina eftir tölunni, sem maður setti aftast í fótinn.

Þessa vél notaði ég í 22 ár, eða þar til móðurborðið gaf sig og of dýrt var að skipta um. Öll þessi ár var ég svo ánægð með vélinu, að ég spáði ekkert í aðrar saumavélar.

Vélinu á ég ennþá, enda finnst mér hún vera antík.

Þegar Singer vélin gaf sig voru góð ráð dýr, og ég þurfti að finna nýja vél í hvelli. Eftir að hafa skoðað það sem var í boði keypti ég Husqvarna Lily 545 í Völusteini, sem þá var með umboðið. Þar með varð ég ástfangin af Husqvarna, og hef verið það



*Singer Futura.*







*Husqvarna Lily 545.*

síðan. Hún var æði, ég var farin að sauma meira af bútasaum, og ég gat boðið henni alls konar tvinna í fríhendisstungu, hún réði við allt. Ég átti hana í sjö ár, en þá fannst mér tími til kominn að uppfæra hana og leita að nýrri vél, sem hentaði betur í bútasauminn. Vinkona mín keypti hana af mér og er nýhætt að nota hana.

Einhvern tíma rétt eftir áramótin 2009 sá ég þessa vél auglýsta í norsku blaði, og þar með var teningunum kastað. Vinkona mín og ég fórum niður í Pfaff þegar vélarnar voru rétt nýkomnar í hús og keyptum hvor sína vél. Pfaff quilt expression 4.0 var þvítík bylting þegar ég fékk hana. Armurinn var stór, sjálfvirkar þráðklippur, fullt af skrautsporur, hægt að stilla allt mögulegt inni í vélinni. Ég saumaði mikið á hana, og hún var full af skemmtilegum fíðusum.

Maðurinn minn smíðaði borðið, sem er á myndinn fyrir ofan, svo ég gæti stungið í vélinni á sléttum fleti. Það virkaði mjög vél. Svo seldi ég hana.

Mig var farið að langa aftur í Husqvarna vél. Ýmsar ástæður voru fyrir því, en ein er sú að mér finnst



*Husqvarna Sapphire 965Q*



*Husqvarna Viking Sapphire 965Q*

svo gott að geta sett góðan yfirflytjara á vélina. Árið 2016 keypti ég þessa á saumavéladögum í Pfaff. Sapphire 965Q er æðisleg vél, og mjög auðveld í notkun, flottur snertiskjár sem mjög auðvelt er að rata um, allt mjög aðgengilegt og augljóst og svo er hún mjög kröftug, saumar gegnum mörg lög eins og ekkert sé. Hún er að mörgu leyti svipað upp byggð og Epic vélin mín, þannig að af því ég kunni á hana þá var lítið mál að byrja að nota Epic vélina.

En nú var ég búin að sjá Epic 980Q vélina, og það varð ekki aftur

snúið. Eftir að hafa átt hana í tæp tvö ár keypti sama vinkona mín hana af mér og hafði keypt Husqvarna Lily vélina mína!

Svo í lokin má ég til með að sýna The Eldredge E vélina mína, sem ég hef reyndar aldrei saumað á, þarf að prófa það einhvern tíma. Hana færði yngri bróðir minn mér árið 2011 þegar hann heyrði að mig langaði svo í gamla saumavél upp á punt. Hann vissi þá af gamalli vél uppi á háalofu í húsi foreldra okkar og færði mér hana. Sennilega er hún frá látinni föðursystur minni.



*The Eldredge E.*





# AFGANGAR, MEIRI AFGANGAR OG ENN MEIRI AFGANGAR

Hver kannast ekki við það að sitja Huppi með allskonar afganga í allavegana stærðum og gerðum. Ég var að vafra á netinu, sem gerist einstaka sinnum, og datt þá niður á þessa bráðskemmtilegu útfærslu á afgangsaumi. Þarna er ekki verið að klippa afgangana í einhverjar ákveðnar stærðir heldur látið ráðast hvað lendir saman og í lokin er þjatlun skorin í þá stærð sem hver vill hafa hana, t.d. í 8“ eða 10“ eða ...



1. Straujið alla þessa litlu búta þangað til þeir eru sléttir.
2. Leggið saman tvo búta á réttunni og saumið saman.
3. Án þess að klippa frá takið aðra tvo búta og saumið saman.
4. Haldið þessu áfram þangað þið eru með fullt af bútum saumuðum saman.
5. Klippið saumþráðinn á milli búтана og straujið saumförin út.
6. Raðið saman bútum og saumið saman.
7. Þegar búðið er að sauma búтана saman skerið þá í þá stærð sem þið óskið.

Hafið engar áhyggjur þótt þið skerið í sundur saumana. Blokkirnar verða svolítið eins og Crazy Quilt.

Búturnir eru svo saumaðir saman og úr verður skemmtilegt teppi. Ef einhverjum finnst það of villt að sauma búтана saman er alveg tilvalið að sauma einlitt á milli. Það leynast ansi oft svoléiðis bútar í einhverjum skúffum og kirnum. Ég saumaði þetta stykki á stuttum tíma og er bara nokkuð ánægð með útkomuna.



Stærðin á hverjum búta er 6,5“ x 6,5“ og það má alveg nota þetta í tösku eða púða nú eða bara eitthvað sem hverjum og einum dettur í hug.

*Góða skemmtum  
Margrét Óskarsdóttir*

## HUGLEIÐINGAR

Oftar en ekki hef ég heyrt að bútasaurur sé ekki list. Hvað er list? Í dag virðist vera hægt að kalla hvað sem er list. Margir sem heyra orðið bútasaurur sjá fyrir sér ferkantaða efnisbúta sem saumaðir hafa verið saman. Í dag er til svo margt annað sem notað er í bútasaurum. Erlendis eru oft notuð orðin „fiber art“ með „quilt-exhibition“. Gætum við þá ekki notað „efnalist og bútasaurur“ saman þegar við auglýsum bútasaurusýningar. Ef ykkur dettur í hug eitthvað betra orð komið því þá til stjórnar.

*Ragnheiður Björnsdóttir*

## FRÁGANGUR Á VERKUM

Á fenginni reynslu vil ég benda á eftirfarandi. Alltaf setja slíður (upphengi) á öll verk sem þú saumar. Það er aldrei að vita hvenær það verður hengt upp til sýnis. Sauma það með bindingunni og sauma svo neðri hlutann í höndunum. Hafa það í a.m.k. í tvennu lagi. Láta slíðrið ekki ná yfir miðjuna því stundum er hún notuð fyrir hengi.

Hafa slíðrin alltaf 10 sm á hæð eða 4“.

*Ragnheiður Björnsdóttir*





# HVERNIG NOTA MÁ AFGANGA – FALLEG TEPPI EFTIR FANNEYJU STEFÁNSDÓTTUR

Allir bútasauumarar eiga helling Af afgangum og vita jafnvel ekki hvernig hægt er að nýta þá. Í búta-  
saumsklúbbnum sem ég er í er kona að nafni Fanney Stefánsdóttir sem kann að nýta afganga og búa til úr því falleg teppi. Hún varð góðfúslega við þeirri beiðni minni að segja hér frá hvernig hún fer að þessu. Fanney safnaði saman afgangum og skar þá niður í 2“ x 3,5“ búta og setti þá alla í körfu. Síðan hófst saumaskapurinn. Það er ekki leyfilegt að raða bútum eftir litum heldur á að taka tvo búta upp úr kröfunni (ekki kíkjja hvernig bútar koma upp í höndina) og sauma þá saman. Þegar búið er að sauma saman helling af bútum á að sauma saman tvo og tvo og eiga þeir að snúa lárétt og lóðrétt. Sjá mynd 1. Þá eru komnir fjórir bútar. Búa til slatta af þessu og sauma svo saman fjóra og fjóra búta, samtals 16 bútar. Fanney notaði rautt efni á milli bútanna og saumaði einnig búta á ská, sem er skemmtileg útfærsla. Í bakið notaði hún gamlar gardínur.

Þegar ég kom heim til Fanneyjar til að mynda afgangateppið sýndi hún mér teppi saumað með “Crazy quilt” aðferð. Í gegnum árin hefur hún safnað afgangum af allskonar efnum, borðum og skrauti sem nota má í “Crazy quilt”. Það eru þau efni sem hún hefur notað í teppið og púðana sem prýddu stofuna hennar og sjá má á myndum með þessari grein. Allskonar borðar og skraut. Nú er um að gera að fara í gegnum afgangana og athuga hvort það sé ekki hægt að gera eitthvað fallegt úr þeim.

Þetta eru falleg verk og öll þessi verk falla undir hugtakið endurvinnsla.

Góða skemmtun.


Margrét Óskarsdóttir



Svona lítur teppið út þegar það er búið að sauma það saman. Mynd nr. 1.







## EUROPEAN QUILT ASSOCIATION


„Præðir án landamæra/marka“ „Threads without borders“. Verk allra landanna verða sýnd á sýningu FOQ 2019 í Birmingham og eftir það verða þau sýnd á sýningum í Sitges og Alsace.

### „PRÆÐIR ÁN LANDAMÆRA/MARKA“

Árið 2019 mun EQA halda upp á 30 ára afmæli samtakanna. Af því tilefni og til að leggja áherslu á samvinnu félaganna innan EQA er lagt til að hvert land sendi sex verk á sýningu sem hefur yfirskriftina „Threads without borders“ „Præðir án landamæra/marka.“ Má túlka eins og hver vill, en hugmyndin kemur til vegna þeirra umróts sem er innan Evrópu þessa dagana.

Eftir sýninguna í Birmingham verður verkunum skipt í tvo hópa sem munu á árinu ferðast um Evrópu á sýningar þar, meðal annars til Sitges og Alsace.

### REGLUR:

1. **Stærð:** Breidd 80 sm og hæð 120 sm. 
2. **Gerð:** Bara framhlið sjáanleg.
3. 6 verk frá hverju landi.
4. **Kantar:** Engir sýnilegir kantar eða sikksakk saumur.
5. **Upphengi:** 10 sm upphengi skal sauma á bakhlið verksins, 1 sm fyrir neðan efri brún og 1 sm frá hvorri hlið.
6. **Merking:** Verkin skulu merkt með nafni, heimilisfangi og símanúmeri á upphengi með permanent penna.
7. Nota má hvaða aðferð sem er við gerð verksins. Það á að vera í þremur lögum, framhlið, vatt og bakhlið. Rammar eða gler er ekki leyfilegt.
8. Allir félagar Íslenska bútasaumsfélagsins mega senda stjórn félagsins verk sem valið verður úr án nokkurs þátttökugjalds. Verkin eru ekki til sölu.
9. Öll verkin eru tryggð fyrir lága fjáhæð meðan á sýningu stendur og vegna flutnings fram og til baka. Glatist verk eða skemmist er félagið ekki bótaskyld.
10. Umsóknin ásamt góðri mynd af verkinu á að berast stjórn Íslenska bútasaumsfélagsins fyrir næsta aðalfund.
11. Hvert aðildafélag innan EQA velja 6 verk til þessarar samsýningar.
12. Ljósmyndir af verkunum kunna að vera notaðar í auglýsingaskyni.
13. Hvert aðildarland **verður að senda 6 verk á þessar sýningar.**



# DAGSKRÁ VETRARARINS 2018-2019

## 26. SEPTEMBER 2018

Fyrirlestur um umhverfismál, Stefán Gíslason.  
Ragnheiður Björnsdóttir segir frá sýningu í Kanada.  
Happdrætti.



## 31. OKTÓBER 2018

Þorleifur Friðriksson segir frá Amish fólkinu í USA.  
Fundargestir komi með verk sem tengja má við Amish-  
fólkið.  
Happdrætti.



## 28. NÓVEMBER 2018

### JÓLAFUNDUR

Bergþór og Albert koma í heimsókn.  
Jólagjafir.  
Sýning á verkum.



## 19. JANÚAR 2019

Saumafundur.  
Kristín Jónsdóttir, leiðir þátttakendur áfram í nýsköp-  
unarverkefni.  
Þátttakendum er frjálst að taka þátt í þessu verkefni eða  
koma með sín eigin.



## 27. FEBRÚAR 2019

Dagbjört Guðmundsdóttir með sýnikennslu á vaxbornu  
efni. Má nota í stað plasts.  
Klúbbur verður með sýnt og sagt frá.  
Happdrætti.



## 30. MARS 2019

Aðalfundur og vorferð.  
Sigrún Sveinbjörnsdóttir kynnir beinsaum.

Fundir verða haldnir í sal Garðyrkjufélagsins,  
Síðumúla 1, gengið inn Ármúlamegin.  
Fundagjald verður kr. 1.000.

*Stjórn áskilur sér rétt til breytinga á dagskrá.*





# EQA - BOUNDARIES

Þemað á sýningunni í Birmingham 2018 var Boundaries og sendi hvert land 8 stykki.



*Danmörk.*



*Finnland.*



*Frakkland.*



*Grikkland.*



*Holland.*



*Írland.*








*Pólland.*



*Spánn.*



*Swiss.*



*Ísland.*





PFAFF



NÝJAR  
VÉLAR!

# NÝJAR GERÐIR AF BÚTASAUMSVÉLUM

Vorum að fá inn tvær frábærar bútasaumsvélar á góðu verði. Eigum vélar fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. **Velkomin í Pfaff – við erum fagfólk í saumavélum.**



Pfaff Expression 720



Husqvarna Brilliance 750